


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Kennsluáætlun í byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera

eftir Sólrúnu Harðardóttur og Hrefnu Sigurjónsdóttur,

Myndir: Anna Cynthia Leplar

Námsgagnastofnun 2006

Hugsuð fyrir 2. – 3. bekk

Sigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar fjölbreyttar bækur um dýrin, þjóðsögur og ljóð um dýr. Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum og tölvum.

Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, cartoni, bandi, litum, skærum, lími, leir o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókin „*Söngvasafn Efveri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

Það er leikur að læra (bls. 2-3) * **
[Litlu börnin leika sér](#) (bls. 2-3) ***
[Krummi svaf í klettagjá](#) (bls. 2-3) *
[Krummi krunkar úti](#) (bls. 2-3) *
Lagið um apana og hestana (bls. 2-3)
Sig bældi refur (bls.2-3)
Litla jörp með lipran fót (bls.4-5) ***
[Góða mamma](#) (bls. 4-5)
[Kisa mín](#) (bls. 6-7) ***
[Litla flugan](#) (bls. 6-7) ***
[Lítill fugl](#) *

Ég skal gefa þér (bls. 8-9) **
Litlu andarungarnir (bls. 10-11) ***
[Kvæðið um fuglana](#) (bls. 12-15) *
[Lóan er komin](#) (bls. 16-17) * **
[Heiðlóarkvæði](#) (bls. 16-17) *
[Fljúga hvítu fiðrildin](#) (bls. 18-19)
Siggi var úti (bls. 18-19) * **
Vísurnar um refinn (bls. 20-21) ***
Íslandsminni (bls. 22-23)
Allir hafa eitthvað til að ganga á (bls. 24)

Dæmi um hlustunarefni

[Fiðrildin](#) (Papillons) –Schumann
[Krummi svaf í klettagjá](#)
[Krummi krunkar úti](#)
[Engispretturarnar og drekaflugurnar](#)(Grasshoppers and Dragonflies) úr Öskubusku (Cinderella op. 95) - Prokofiev
[Litlu börnin leika sér](#)
[Riddarinn á leikfangahestinum](#) (Knight on the hobby –horse) – Schumann
[Reiðvísa](#) (The wild Horseman) – Schumann
[The Waltzing Cat](#) – Leroy Anderson
[Kötturinn og músin](#) (The Cat and the Mouse) – Copland
Karnival dýranna – Saint-Saëns
[hanar og hænur](#)
[kengúrur](#)
[Litla flugan](#) – Sigfús Halldórsson
[Flug býflugunnar](#)/Flight of the Bumble Bee - >Rimsky Korsakov

[Vespuarnar](#) (The Wasps) – Ralph Vaughan Williams
[Söngur án orða, brúðkaup bíflugunnar](#) (Songs Without Words, Op 67 - No 4 Presto, Bee's Wedding (Spinning Song))- Mendelssohns
[Vorljóð](#) (Spring Song) Mendelssohn
[Kvæðið um fuglana](#) – Atli Heimir Sveinsson
[Svanavatnið](#) (Swan Lake) - Tchaikovsky
[Lóan er komin](#)
[Heiðlóarkvæði](#)
[Lítill fugl \(Little Bird\)](#) – Grieg
[Fljúga hvítu fiðrildin](#)
[Sveitasinfónían no. 6](#) (Pastoral) – Beethoven
[Silungurinn](#) (Die Forelle) – Schubert
Karnival dýranna – Saint-Saëns
[ljónið](#)
[Fíllinn](#)
[svanurinn](#)

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, og lesa í umhverfi og lífnaðarhætti dýra og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð.
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnrænt og sjónrænt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjörnur fyrir framsögn í ljóðalestri og fyrir dýrabók.

Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn.

Upplestur (Komdu og skoðuðu hvað dýrin gera)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur flokksins (Komdu og skoðuðu ...).
- Bókin lesin í heild.

- Dýrin sem nefnd eru skráð á töflu (flettistöfluna).
- Heimkynni dýranna skoðuð.
- Umræða um dýrin, hvar þau eru staðsett á hnettinum
- Hvaða dýr nemendur hafi séð í með berum augum og hvaða dýr af myndum í bókum eða blöðum.

Syngja: **Það er leikur að læra** (bls. 2-3)
Litlu börnin leika sér (bls. 2-3)
Krummi svaf í klettagjá (bls. 2-3)
Krummi krunkar úti (bls. 2-3)

Hlusta á: [Krummi svaf í klettagjá](#)

[Krummi krunkar úti](#)

[Lítill fugl](#) (Little Bird) – Grieg

1. Lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni(dýrin)
Hlustun
Söngur



Þjóðlag

Þjóðlag er lag sem enginn veit lengur hver samdi svo þjóðin á það saman. Bjarni Þorsteinsson safnaði saman fjölda íslenskra þjóðlag og átti stóran þátt í hve mörg þjóðlög varðveittust. [Þjóðlagasafnið á Siglufirði](#) er reist í minningu hans.



Búið til vængi með því að krækja saman þumalfingrunum og hreyfið vængina í takt við *Lítill fugl* eftir norska tónskáldið Grieg.



Trillur er þegar tvær nótur eru spilaðar hratt til skiptis. Hlustið eftir því í *Lítill fugl*.

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettitöfluna.

Orð sem á að skoða eða vinna með:

Yrðlingar, systkini, kúnstir, stálpaður, klófesta, brýna, goggur, folald, umgangast, afkvæmi, ungvíði, uppeldi, ósjálfbjarga, kettlingar, læða, braggast, ætilegt, ófiðraður, súrefni, vaktaskipti, verpa, lírfa, púpa, þerna, makast, biðilsbuxur, kerla, hængur, hrygna, skrúði, hrútur, samstilltur, fórnarlamb, býflugnabú, mý, líkamsbeiting, graðhestur, hryssa, leyndardómsfullt, farfugl, óðal, búseta, bjargfugl, fæðuöflun, bleikja, félagslyndur, ráðsettur, felulitur, reigja, merkilegt.

Lykilorð: biðilsbuxur, ósjálfbjarga, nota meðfylgjandi blað og skrifa ný orð á. (einstaklingsvinna).

Finna orð í textanum sem innihalda – y- ý og skrifa þau á blað (paravinna).

Finna og gera hring utan um stóran staf í textanum (ljósrit af textaopnu, paravinna).

Skipta nemendum í fjóra hópa. Hver hópur fær eitt af ljóðunum hér að ofan. Kennari er búinn að klippa ljóðin í sundur í miða hvern með einu orði á. Orðum hrært saman á hvolf.

Fyrst má halda hverju ljóði útaf fyrir sig en þegar æfingu er náð má blanda öllum ljóðunum saman. Nemendur skiptast á að draga orð og þurfa að ákveða hvor þeir hafa not fyrir orðið eða ekki fyrir sitt ljóð. Ef ekki þá skila þeir orðinu og verða að bíða næstu umferðar og vona að heppnin verði með þá. Allir hópar hjálpast að að raða upp sínu ljóði.

Syngja: **Lagið um apana og hestana** (bls. 2-3)

Sig bældi refur (bls.2-3)

Litla jörp með lipran fót (bls.4-5)

Hlusta á: [Litlu börnin leika sér](#)

[Riddarinn á leikfangahestinum](#) (Knight on the hobby –horse) – Schumann

[Reiðvísa](#) (The wild Horseman) – Schumann

2. Lota

Hlustun
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Stór stafur
Sérhljóðar y-ý
Ritun - stafagerð
Söngur



Píanó /slagharpa

Píanó er það hljóðfæri sem við sjáum hvað oftast því það er notað t.d. við fjöldasöng og margir læra á píanó þegar þeir eru á skólaaldri. Píanó er frekar ungt hljóðfæri. Í upphaf 19. aldar leit upprétta píanóið sem við þekkjum nú dagsins ljós. Inn í því eru strengir festir á málmramma sem eru slegnir með hömrum þegar við sláum á nóturnar á nótnaborðinu og tónninn myndast. Flygill er stærri útgáfa af píanói sem við sjáum í tónleikasölum. Hlustið á *Riddarinn á leikfangahestinum* og *Reiðvísa* eftir Schumann.

Stöðvavinna:

Hópur 1: Mótar húsdýrin í leir (kindur, kýr, hesta, svín, geitur, hunda, ketti, hænsni).

Hópur 2: Útbýr landslag fyrir dýrin úr blönduðu efni t.d. grænu efni fyrir gras eða málar bylgjupappa og býr til girðingar úr trjágreinastubbum og blómavír.

Hópur 3: Býr til íbúðarhús og skepnuhús, hlöðu og landbúnaðartæki t.d. úr mjólkurfernum og öðri sem til fellur á heimilum.

Syngja: **Góða mamma** (bls. 4-5)

Kísa mín (bls. 6-7)

Lítill fugl

Hlusta á: [The Waltzing Cat](#) – Leroy Anderson

[Kötturinn og músin](#) (The Cat and the Mouse) – Copland

[hanar og hænur](#)

[kengúrur](#)

3. lota

Myndræn yfirfærsla
Hlustun
Söngur



Fiðla

Fiðlan tilheyrir strengjafjölskyldunni. Hún er smíðuð úr mismunandi viðartegundum, hörðum við í bakinu og mjúkum á maganum eða ofan á. Hún hefur fjóra strengi sem spilað er á með boga sem er prik sem strengt er á hrosshár og er dregið yfir strengina til að búa til tón. Fiðlan hefur bjartasta tóninn.

Kontrabassinn er dimmastur, þar næst sellóið og lágfíðlan og svo fiðlan björtust.

Svanurinn í Karnivali dýrann er leikinn á selló(sjá lotu 7).



Hlustið á *The Waltzing Cat* og gangið óreglulega um rýmið án þess að klessa á félagana. Reynið að telja hve oft kötturinn mjálmur, hann er leikinn af fiðlunum.



Hlustið líka á *Kötturinn og músin* og horfið á litlu stelpuna em spilar á píanóið hvernig hægt er að ímynda sér að puttarnir hennar á píanóinu séu köttur að hlaupa eftir hljómborðinu.

Stöðvavinna:

Hópur 1: Skrifar heiti dýranna á litla miða og setur hjá dýrunum.

Hópur 2: Skrifar inn á svæðið heiti í landslaginu á litla miða t.d. tún, mói, hóll, tjörn, fjall, kartöflugarður, skurður o.s. frv. Hópur 3: Merkir byggingarnar og landbúnaðartækin.

Hver hópur kynnr sína vinnu fyrir hinum hópunum.

Syngja: **Litla flugan** (bls. 6-7)

Ég skal gefa þér (bls. 8-9)

Litlu andarungarnir (bls. 10-11)

Hlusta á: [Litla flugan](#) – Sigfús Halldórsson

[Flug býflugunnar](#)/Flight of the Bumble Bee

->Rimsky Korsakov

[Vespurnar](#) (The Wasps) – Ralph Vaughan Williams

[Söngur án orða, brúðkaup bíflugunnar](#)

Mendelssohns

[Engisprettarnar og drekaflugurnar](#)- Prokofiev

4. lota

Lestur
Ritun
Munnleg tjáning
Framsaga
Hlustun
Söngur





Hlustið á *Litla flugan* og Flug býflugunnar og berið saman og ræðið í bekknum. Fyrri lagið er með orðum en ekki það síðara. Er erfiðara að ímynda sér flugu í því seinna þar sem engin orð eru til að styðjast við? Hvað finnst ykkur?

Föndrið [flugu](#) og hreyfið ykkur um og látið hana fljúga hátt og lágt og tylla sér hér og þar.



Presto er hraðatákn og þýðir mjög hratt, hlustaðu á *Söngur án orða* það er merkt presto.

<p>Umræða og hlustun</p> <p>Skoða bækur með dýrasögum, þjóðsögum og ævintýrum um dýr og lifnaðarhætti þeirra.</p> <p>Skrifa frásögn af dýri t.d. gæludýri og myndskreyta.</p> <p>Syngja: Kvæðið um fuglana (bls. 12-15) Lóan er komin (bls. 16-17) Heiðlóarkvæði (bls. 16-17)</p> <p>Hlusta á: Kvæðið um fuglana – Atli Heimir Sveinsson Lóan er komin Heiðlóarkvæði Svanavatnið (Swan Lake) - Tchaikovsky</p>	<p>5. lota</p> <p>Hlustun Söngur Lestur</p> <p> Ballett er kassískt dansform á sviði þar sem dönsuð er saga við hljómsveitarundirleik. Dansinn er mjög krefjandi og dansað er á tásóm.</p>
<p>Ljóð um dýrin</p> <p>Flytja ljóð fyrir bekkinn um dýr sem börnin fengu að fara með heim og æfa sig að lesa. Nemendur gefa flutningnum stjórnur.</p> <p>Syngja: Fljúga hvítu fiðrildin (bls. 18-19) Siggi var úti (bls. 18-19) Vísurnar um refinn (bls. 20-21)</p> <p>Hlusta á: Fljúga hvítu fiðrildin Sveitasinfónían no. 6 (Pastoral) – Beethoven Silungurinn (Die Forelle) – Schubert Vorljóð (Spring Song) Mendelssohn</p>	<p>6. lota</p> <p>Framsaga Hlustun</p> <p> Sinfónía er verk fyrir hljómsveit sem er samsett úr mörgum köflum. Hlustið á Sveitasinfóníuna og takið eftir hvað það eru fallega laglínur í henni sem er hægt að syngja. Það kemur óveður með þrumum og eldingum, hlustið eftir þeim. Eftir óveðrið syngja þorpsbúarnir fagnaðarsöng spilaðann af strengjahljóðfærunum og flautunum.</p>
<p>Dýrin í nágrenni þínu eða dýr sem þú hefur áhuga á að fræðast um</p> <p>Búa til bók um nokkur dýr og afla upplýsinga um þau og skrá í bókina.</p> <p>Syngja: Íslandsminni (bls. 22-23) Allir hafa eitthvað til að ganga á</p> <p>Hlusta á: Karnival dýranna – Saint-Saëns ljónið fíllinn svaninn</p>	<p>7. lota</p> <p>Lestur Ritun Tjáning Upplýsingaöflun á bókasafni eða í tölvu</p>
<p>Sýning</p> <p>Sýna bækurnar sínar um dýrin. Nemendur gefa bókunum stjórnur.</p> <p>Syngja: Valin lög af því sem nemendur hafa lært í þemanu um dýrin.</p>	<p>8. lota</p> <p>Tjáning Söngur</p>

Sigurlína Jónsdóttir

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU HVAÐ DÝRIN GERA

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Það er leikur að læra

Það er leikur að læra
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira' í dag en í gær.

Þjallan hringir, við höldum
heim úr skólanum glöð,
prúð og frjálst í fasi.
Fram nú allir í röð.

Guðjón Guðjónsson

Litlu börnin leika sér

Litlu börnin leika sér, liggja mótum í,
þau liggja þar í skorningum og hlæja, hí, hí, hí,
þau úða berjum upp í sig og alltaf tína meir,
þau elska berin bláu og brauðið með.
Í berjamó er gaman, börnin leika saman,
börnin tína í bolla og brosa við.
Sólin litar hólinn, heiðbláan kjólinn,
um jörðu hrærast því ljúft er geð.

Þjóðvísa

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
verður margt að meini.
Fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini.

Á sér krummi ýfði stél
einnig brýndi gogginn vel,
flaug úr fjallagjótum,
Litur yfir byggð og bú
á bæjum fyrir en vakna hjú
veifar vængjum skjótum.

Allt er frosið úti gor,
ekki fæst við ströndu mor,
svengd er metti mína.
Ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
seppi úr sorpi' að tína.

Sálaður á síðu lá
sauður, feitur, garði hjá,
fyrrum frá á velli.
„Krúnk, krúnk! nafnar komið hér,
krúnk, krúnk! því oss búin er
krás á köldu svelli“.

Jón Thoroddsson

Öll er þakin ísi jörð
ekki séð á holta börð
fleygir fuglar geta.
En þó leiti út um mó
auða hvergi lítur tó.
Hvað á hrafni að éta?

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn;
ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi nafni minn.

Krumminn í hlíðinni

Krumminn í hlíðinni
hann fór að slá.
Þá kom lóa lipurtá
og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
en bannaði henni að segja frá.
En hann spói spíssnefur
hann sagði frá,
prakkarinn sá.
Þó var ljáin ekki nema
hálf tannað puntstrá.
Gömul þula

Lagið um apana og hestana

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi
hann þoldi ekki sultu
en fékk sér banana
bananana (smella með tungunni)
bananana (smella með tungunni)
bananananna bananananna, bananana
(smella með tungunni)

Það var einu sinni hestur
sem hélt hann væri prestur
hann vildi ekki heyið
og fékk sér kartöflu
kartöflu (smella með tungunni)
kartöflu (smella með tungunni)
kartöfluflu, kartöfluflu, kartöfluflu
(smella með tungunni)

Það var í Örkinni hans Nóa
að dýrin fóru að róa
hestur, hundur, hæna
og líka krókódíll.
krókókódíll (smella með tungunni)
krókókódíll (smella með tungunni)
krókókodíll, krókókodíll, krókókodíll
(smella með tungunni)

Sig bældi refur

Sig bældi refur und bjarkarrót
út við móinn, út við móinn.
Og hérinn stökk þar með hraðan fót
yfir móinn, yfir móinn.
Og geislum stafar á bjarkar blöð
og blessuð sólin hún skín svo glöð
yfir móinn, yfir móinn, tra la la la la.

Þá brosti refur und bjarkarrót
út við móinn, út við móinn.
Og hérinn hljóp, og hann uggði' ei hót,
yfir móinn, yfir móinn.
Hæ, nú er ekkert sem mæðir mig.
Já, mikið leggur þú undir þig,
yfir móinn, yfir móinn, tra la la la la.

Litlu börnin leika sér

Litlu börnin leika sér, liggja mónum í,
þau liggja þar í skorningum og hlæja, hí, hí, hí,
þau úða berjum upp í sig og alltaf tína meir,
þau elska berin bláu og brauðið með.
Í berjamó er gaman, börnin leika saman,
börnin tína í bolla og brosa við.
Sólin litar hólinn, heiðbláan kjólinn,
um jörðu hrærast því ljúft er geð.

Þjóðvísa

Litla Jörp

Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera.
Hún mun seinna' á mannamót
mig í söðli bera.

Góða mamma

Góða mamma gefðu mér
góða mjólk að drekka.
Ég skal vera aftur þér
elsku barnið þekka.

Og refur beið undir bjarkarrót
út við móinn, út við móinn.
Og hérinn beint honum hljóp á mót
yfir móinn, yfir móinn.
Æ, æ, hver þremillinn þarna er?
Ert þú það frændi sem dansar hér
yfir móinn, yfir móinn, tra la la la la.

Jón Ólafsson

Farðu' að skammta mamma mín.
Mér er kalt á tánnum.
Askur, diskur, ausan þín
eru' á drykkjarsánum.

Gamlir húsgangar

Innan sleiki' ég askinn minn,
ekki fyllist maginn.
kannast ég við kreistinginn
kóns- á bænadaginn.

Sr. Magnús Einarsson á Tjörn.

Kisa mín

Kisa mín, kisa mín,
kisa litla grætur.
Veistu um, veistu um
vetrarmyrku nætur?

Litli grís, litli grís,
leggstu hér á feldinn.
Sé þér kalt, sé þér kalt,
settu sprek á eldinn.

Góða kýr, góða kýr,
Gáfuleg í auga
Bítur gras, bítur gras,
býr til skrýtna hauga.

Kisa mín, kisa mín,
kúrir sig og malar.
Músasteik, músasteik,
malar um – og hjalar.

Texti: AL/Kristján frá Djúpalæk

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Og ef ég væri orðin lítil fluga
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga.
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Sigurður Elíasson

Lítill fugl

Lítill fugl á laufgum teigi
losar blund á mosasæng,
heilsar glaður heitum degi,
hristir silfurdögg af væng.

Flýgur upp í himinheiðið,
hefur geislastraum í fang,
siglir morgunsvala leiðið,
sest á háan klettadrang.

Þykist öðrum þröstum meiri,
þenur brjóst og sperrir stél,
vill að allur heimur heyri
hvað hann syngur listavel.

Ef þú giftist

Ég skal kaupa þér kökusnúð
með kardíommum og sykurlúð,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í ták
og góða skó til að dansa á,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt
að aldrei við þurfum að kynda neitt,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Litlu andarungarnir

Litlu andarungarnir
;,: allir synda vel ;,:
;,: Höfuð hneygja' í djúpið
og hreyfa lítil stél ;,:

Litlu andarungarnir
;,: ætla út á haf ;,:
;,: Fyrst í fjarlægð skima
og fara svo í kaf ;,:

Skín úr augum skáldsins gleði.
Skelfur rödd við ljóðin ný,
þó að allir þrestir kveði
þetta sama dirrindí.

Litli fuglinn ljóða vildi
listabrag um vor og ást.
Undarlegt að enginn skyldi
að því snilldarverki dást.

Örn Arnarson

Ég skal syngja þér ljúflingslög
og leika undir á stóra sög,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,
svo finni þig ekkert pólití,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Jónas Árnason

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindi, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna,
vonglaður taka nú sumrinu mót.

Páll Ólafsson

Heiðlóarkvæði

Snemma lóan litla í
lofti bláu "dirrindi"
undir sólu syngur:
"Lofið gæsku gjafarans,
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.
Ég á bú í berjamó.
Börnin smá í kyrrð og ró
heima í hreiðri bíða.
Mata ég þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu fríða."

Lóan heim úr lofti flaug
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu)
til að annast unga smá.
Alla étið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu.

Jónas Hallgrímsson

Lausavísur

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga.
Þarna siglir einhver inn
ofurlítill dugga.

Afi minn og amma mín
úti' á Bakka búa,
þau eru bæði sæt og fín,
þangað vil ég flúa.

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður' á bæi,
sækja bæði sykur og brauð,
sitt af hvoru tagi.

Siggi var úti

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar stukku þær suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi' hann að lágfóta dældirnar smó.
Agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti,
agg, gagg, gagg sagði tófan á grjóti.
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.
Greyið hann Siggi hann þorir ekki heim.

Jónas Jónason

Íslands minni

Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tindum fjalla
og svanahljómi, silungsa
og sælu blómi valla
og bröttum fossi, björtum sjá
og breiðum jökulskalla.
Drjúpi' hana blessun Drottins á
um daga heimsins alla.

Jónas Hallgrímsson

Sigga litla systir mín
situr úti' í götu,
er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Eitthvað tvennt á hné ég hef,
heitir annað Stína,
hún er að láta lítið bréf
í litlu nösina sína.

Gamlar vísur

Vísurnar um refinn

Ég raula raunakvæði
um refinn sem hér býr.
Í græðgi vill hann gleypa
hin góðu skógardýr.
Já þetta er sorgarsöngur víst
því sagan illa fer.
Hæ fallerafaddí rúllanræ
nú verstur endir er.

Einn dag hann var á veiðum
þar voru músahús..
Þá rak hann gular glyrnur
í gráa litla mús.
“Ég tek þig” sagði tæfan þá
upp trjából músin rann.
Hæ fallerafaddí rúllanræ
hún fylgsni öruggt fann.

Þá varð hann súr á svipinn
og sagði: “Gott hjá þér,
en bíddu bara góða
ég bíða skal þín hér.”
Svo tautar hann við sjálfan sig,
“þú síðsta leikinn átt.”
Hæ fallerafaddí rúllanræ
“hún bröltir niður brátt.”

En Mikki mátti bíða
og músin engu kveið.
Þú heyra skalt hvað skeði
hjá skrögg er vikan leið
þó hungrið alveg ærð´ann
og enga veitti ró.
Hæfallerafaddí rúllanræ
hann datt um koll og dó.

Þýð: Kristján frá Djúpalæk

Allir hafa eitthvað til að ganga á

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu nú fram löppina og lof mér að sjá.

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga
krókóðillinn kjaftinn ljóta,
sá er nú klár að láta sig fljóta.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu nú fram löppina og lof mér að sjá.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúum hendast aþarnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu nú fram löppina og lof mér að sjá.

Ólafur Haukur Símonarson

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Fyrir nemendur á yngsta stigi

Þigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.


Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná

augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrifin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsblað og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsblaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislög strík eftir lengd tónanna og tröppur eða strík sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**



Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.


**Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera
-vinnublöð-**

Komdu og skoðuðu hvað dýrin gera - Lykilorð




BIÐILSBUXUR

Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera - Lykilorð



ÓSJÁLFBJARGA

Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera - orðasúpa




F K M P S T J G O S L E L T I
 F A R F U G L O R K A I S M S
 U U N U L Æ Ð A K N F Á R E Ý
 G Ó P G Ó D Ð S L R K N R F I
 L P L V U Ð S B A L V U A J A
 A V Ú Ö A U A R K N Æ Ð U A J
 B I S Ð J T O L K U M F N R Ö
 J H R Y G N A G A U I U T M K
 G Í Ó A N A P I A S H Ú R A U
 O R R R E K A Ú I Ð U R R F L
 G A H Æ N G U R P P A X R Í L
 G Í N A H S K Ó L A R F Ý Y R
 U L I N D R I N G U R J M S R
 R F E L U L I T U R A R Ó Ö U
 R L Í F E L S Ú R E F N I U L

Finndu orðin:

AFKVÆMI	PÚPA	HRYGNA
SÚREFNI	FARFUGL	LÆÐA
LIRFA	ÓÐAL	GOGGUR
HÆNGUR	FELULITUR	MÝ

Komdu og skoðuðu hvað dýrin gera - orðaskuggar






Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

Mý, afkvæmi, lirfa, goggur, púpa, felulitur, farfugl, óðal

Mat

Nemendur lita stjórnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjórnun þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

